

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/68/01	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 087/20/COL	1
2020/EES/68/02	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 088/20/COL	2
2020/EES/68/03	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 089/20/COL	3
2020/EES/68/04	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 15. júlí 2020 um hundrað og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar vegna breytingar og framlengingar á tilteknum leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð	4
2020/EES/68/05	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 091/20/COL	9
2020/EES/68/06	Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Ákvörðun 092/20/COL	10
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/68/07	Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9748 – KKR/Dentix Health Corporation)	11
2020/EES/68/08	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9677 – DIC/BASF Colors & Effects)	12
2020/EES/68/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9835 – Bertelsmann/Schweizerische Post/Cinfony) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2020/EES/68/10	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9882 – SAZKA Group/ÖBAG/Casinos Austria) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14

2020/EES/68/11	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9911 – Voith/PCSH/TSA) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2020/EES/68/12	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9935 – Altor Fund Manager/Stena/Gunnebo) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2020/EES/68/13	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9976 – Silver Lake Partners/ENGIE/Hall Des Lumieres JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2020/EES/68/14	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10000 – PreZero International/SUEZ Nordic) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	18
2020/EES/68/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9483 – Engie/Powerlines)	19
2020/EES/68/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9592 – Freudenberg/L&B)	19
2020/EES/68/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9716 – AMS/OSRAM)	20
2020/EES/68/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9898 – Archer-Daniels-Midland/Marfrig Global Foods/PlantPlus Foods JV)	20
2020/EES/68/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9904 – SCUK/Volvo/Volvo Car Financial Services JV)	21
2020/EES/68/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9928 – QuattroR/HGM/Burgo)	21
2020/EES/68/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9941 – Private Theory Luxco/ARC Group)	22
2020/EES/68/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9957 – Advent International/Otto/Hermes Parcelnet/Hermes Germany)	22
2020/EES/68/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9965 – ECP ControlCo/First Sentier Investors/Terra-Gen Power Holdings II)	23
2020/EES/68/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9966 – EQT/Colisée)	23
2020/EES/68/25	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar- og afreiknivexti frá 1. nóvember 2020	24
2020/EES/68/26	Ríkisaðstoð – Belgía – SA.53630 (2019/FC) – Meint aðstoð í þágu Ladbrokes í tengslum við sýndarveðmál – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	25

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum**2020/EES/68/01**

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	9. júlí 2020
Málsnúmer	85366
Ákvörðun nr.	087/20/COL
EFTA-ríki	Ísland
Titill	Tímabundið stuðningskerfi við fjölmiðla vegna COVID-19
Lagastofn	Lög nr. 37/2020 um breytingu á fjölmiðlalögum nr. 38/2011 og reglugerð nr. 670/2020
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Tilgangur ráðstöfunarinnar er létta rekstrarbyrði af fjölmiðlum á einkamarkaði á Íslandi og bregðast við tímabundnum fjárhagslegum erfiðleikum greinarinnar af völdum COVID-19
Fjárveiting	400 milljónir ISK
Gildistími	9. júlí 2020 – 1. september 2020
Atvinnugreinar	Fjölmiðlar
Heiti og póstháttur stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Mennta- og menningarmálaráðuneytið Sölvhólsgrata 4 101 Reykjavík

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/68/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	9. júlí 2020
Málsnúmer	85361
Ákvörðun nr.	088/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill	Tímabundnar breytingar á reglum um skattendurgreiðslur vegna áhafna
Lagastoð	Lög um styrki vegna starfsmanna á sjó og reglugerð um styrki vegna starfsmanna á sjó
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Að draga úr kostnaði skipafélaga með norska starfsmenn og starfsmenn af EES-svæðinu
Aðstoðarform	Endurgreiðslur á skatti og almannatryggingagjöldum
Fjárveiting	Aukning sem nemur 75 milljónum NOK
Gildistími	Fjórhá tímabil 2020, sem tekur til júlí og ágúst 2020
Atvinnugreinar	Sjóflutningar
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Norwegian Maritime Authority P.O.Box 2222 5509 Haugesund Norge

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/68/03

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	10. júlí 2020
Málsnúmer	85191
Ákvörðun nr.	089/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill	Breyting á og endurnýjun tryggingakerfis fyrir flugrekendur vegna COVID-19
Lagastoð	Ákvörðun Stórþingsins sem heimilar tryggingakerfið, í samræmi við skilyrðin sem viðkomandi ráðuneyti lagði til
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Tilgangur tryggingakerfisins er að bæta úr lausafjárskorti sem aðilar í flugrekstri standa frammi fyrir og tryggja að truflanir af völdum COVID-19 faraldursins grafi ekki undan rekstri flugrekenda
Aðstoðarform	Opinber ábyrgð
Fjárveiting	Áætluð 6 milljarðar NOK
Gildistími	31. október 2020
Atvinnugreinar	Aðilar í flugrekstri
Heiti og póstarsíturn stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	GIEK, The Norwegian Export Credit Guarantee Agency Pb 1763 Vika, 0122 Oslo, Norway

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2020/EES/68/04

frá 15. júlí 2020

um hundrað og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar vegna breytingar og framlengingar á tilteknum leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA („ESA“) HEFUR,

með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 61. til 63. gr. og bókunar 26,

samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr. og b-liðar 2. mgr. 5. gr., og

bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókunar 3“), einkum 1. mgr. 1. gr. I. hluta,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

Skv. 24. gr. samnings um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Skv. b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ber ESA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um málefni á sviði EES-samningsins ef samningurinn eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveður skýrt á um það eða eftirlitsstofnunin álitur það nauðsynlegt.

Eftirfarandi leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð, samþykktar af ESA í samræmi við áætlun um að nútímavæða ríkisaðstoð, renna út í árslok 2020:

- a) Leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020 ⁽¹⁾,
- b) Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til þess að örva áhættufjárfestingar ⁽²⁾,
- c) Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014-2020 ⁽³⁾,
- d) Leiðbeinandi reglur um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins ⁽⁴⁾,
- e) Leiðbeinandi reglur um skammtímaútlutningslánatryggingar ⁽⁵⁾, og
- f) Leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum ⁽⁶⁾.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“) hefur þegar tilkynnt þá ætlun sína, í tengslum við grænna samfélagssáttmála (e. Green Deal) og stafræna áætlun (e. Digital Agenda) að endurskoða ýmsar leiðbeinandi reglur fyrir árslok 2021.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 166, 5.6.2014, bls. 44, og EES-viðbætur nr. 33, 5.6.2014, bls. 1, breytt með ákvörðun ESA nr. 302/14/COL, Stjútíð. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 103, og EES-viðbætur nr. 4, 22.1.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 62, og EES-viðbætur nr. 74, 11.12.2014, bls. 1, breytt með ákvörðun ESA nr. 302/14/COL, Stjútíð. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 103, og EES-viðbætur nr. 4, 22.1.2015, bls. 1.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 131, 28.5. 2015, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 30, 28.5.2015, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 39, 16.2. 2017, bls. 49, og EES-viðbætur nr. 11, 16.2.2017, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. ESB L 343, 19.12.2013, bls. 54, og EES-viðbætur nr. 71, 19.12.2013, bls. 1, endursamþykktar með ákvörðun ESA nr. 4/19/COL, Stjútíð. ESB L 163, 20.6.2019, bls. 110, og EES-viðbætur nr. 48, 20.6.2019, bls. 1, breytt með ákvörðun ESA nr. 030/20/COL, Stjútíð. ESB L 220, 9.7.2020, bls. 8, og EES-viðbætur nr. 46, 9.7.2020, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. ESB L 271, 16.10.2015, bls. 35, og EES-viðbætur nr. 62, 15.10.2015, bls. 1.

Framkvæmdastjórnin samþykkti 2. júlí 2020 orðsendingu sem varðar framlengingu og breytingar á leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020, leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til þess að örva áhættufjárfestingar, leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020, leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum, orðsendingu um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins, orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar – rammi um ríkisaðstoð vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar og orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna um beitingu 107. gr. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar skammtímaútflutningsláantryggingar (7).

Framkvæmdastjórnin telur rétt, í þágu gagnsæis og réttarvissu, að framlengja gildistíma leiðbeinandi reglna sinna, sem samsvara þeim leiðbeinandi reglum ESA sem eru taldar upp í lið a) til e) að framan, til ársloka 2021, á meðan fyrirhugaðar breytingar á ríkisaðstoðarreglunum eru í vinnslu. Framkvæmdastjórnin framlengdi gildistíma þeirra leiðbeinandi reglna sem samsvara þeim sem eru taldar upp í f-lið, leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum, til ársloka 2023.

Framlenging þessara reglna mun gera framkvæmdastjórninni kleift að leggja lokahönd á mat sitt á þessum reglum ásamt öðrum reglum um ríkisaðstoð sem hafa verið samþykktar á grundvelli áætlunarinnar um að nútímavæða ríkisaðstoð. Framkvæmdastjórnin hóf hinn 7. janúar 2019 mat á þessum reglum með „hæfisprófun“. Hún mun síðan, á grundvelli þess mats, hafa tök á því að ákveða hvort reglurnar verði framlengdar áfram eða þeim verði breytt.

Í ljósi þeirra efnahagslegu og fjárhagslegu afleiðinga sem COVID-19 faraldurinn kann að hafa á fyrirtæki, taldi framkvæmdastjórnin að tímabundnar breytingar á sumum leiðbeiningum um ríkisaðstoð séu nauðsynlegar. Einkum ættu fyrirtæki, að því er varðar leiðbeiningar um byggðaaðstoð fyrir árin 2014–2020, leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020, orðsendingu um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins, og rammi um ríkisaðstoð vegna rannsóknar og þróunar og nýsköpunar (8), sem ekki voru í erfiðleikum 31. desember 2019 heldur urðu illa stödd fyrirtæki eftir 31. desember 2019, að vera hlutgeng samkvæmt þessum reglum til 30. júní 2021.

Að því er varðar leiðbeinandi reglur um umhverfisvernd og orku 2014–2020, má vera að skarpur samdráttur í orkuverði vegna COVID-19 faraldursins leiði til aðstæðna þar sem orkuþörf fyrirtækja minnkar. Í slíku tilviki getur verið að fyrirtæki glati hlutgengi á grundvelli gr. 3.7.2 (sértæk minnkun stuðnings fyrir orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum af samkeppnisástæðum) við beitingu 4. viðauka við útreikning á heildarvinnsluvirði og orkuþörf viðkomandi fyrirtækis. Því taldi framkvæmdastjórnin að breyta þyrfti reikniáðferðum, til þess að mæta þessu með viðeigandi hætti.

Þessar breytingar og framlenging á orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar hafa einnig þýðingu að því er varðar Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á samræmdan hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við markmið um einsleitni í 1. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ á bls. 11 í XV. viðauka við EES-samninginn ber ESA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að samþykkja lagagerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Samráð hefur verið haft við framkvæmdastjórnina.

Samráð hefur verið haft við stjórnvöld í EFTA-ríkjunum.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

(7) Stjútíð. ESB C 224, 8.7.2020, bls. 2.

(8) Samsvara leiðbeinandi reglum ESA um rannsóknir og þróun og nýsköpun, Stjútíð. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 17, og EES-viðbætur nr. 44, 6.8.2015, bls. 1.

1. gr.

Efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar verður breytt sem hér segir:

- 1) Leiðbeinandi reglur um byggðaaðstoð fyrir tímabilið 2014–2020:

- a) Eftirfarandi setningu er bætt við 18. mgr.:

„Leiðbeiningarnar skulu hins vegar gilda um fyrirtæki sem ekki áttu í erfiðleikum 31. desember 2019 en urðu illa stödd fyrirtæki á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.“

- b) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 156. mgr.:

„a) Í ljósi loka gildistíma byggðakorta 31. desember 2020, beinir eftirlitsstofnunin því til EES-EFTA-ríkjanna að tilkynna eftirlitsstofnuninni fyrir 15. september 2020 ætlun sína um að framlengja gildistíma byggðakorta sinna.

b) Þegar framlenging gildistíma byggðakortanna til 31. desember 2021 hefur verið samþykkt er EES-EFTA-ríkjunum heimilt að framlengja núverandi aðstoðarkerfi sem hafa verið samþykkt á grundvelli núverandi leiðbeinandi reglna. Tilkynna verður hverja framlengingu á gildistíma slíkra kerfa tímanlega áður en gildistímanum lýkur.“

- 2) Í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð til þess að örva áhættufjárfestingar kemur eftirfarandi í stað 174. gr.:

„174. Eftirlitsstofnunin mun beita meginreglunum sem settar eru fram í þessum leiðbeinandi reglum að því er varðar mat á því hvort aðstoð til þess að örva áhættufjárfestingar sem ætlunin er að veita frá 1. júlí 2014 til 31. desember 2021 samrýmist innri markaðinum.“

- 3) Leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar og orkumála 2014–2020 er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi setningu er bætt við 11. mgr.:

„Leiðbeiningarnar skulu hins vegar gilda um fyrirtæki sem ekki áttu í erfiðleikum 31. desember 2019 en urðu illa stödd fyrirtæki á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.“

- b) Eftirfarandi kemur í stað 103. mgr.:

„103. Þessar leiðbeinandi reglur gilda til 31. desember 2021. Þeim er hins vegar ætlað að undirbúa að markmiðunum sem sett eru í orðsendingunni Stefnumörkun 2030 sé náð. Til dæmis er búist við því á árunum milli 2020 og 2030 að orka úr endurnýjanlegum orkulindum, sem þegar eru nýttar í verulegum mæli, verði orðin samkeppnishæf í almenna raforkukerfinu, en það hefði í för með sér að fella bæri smám saman niður alla opinbera styrki og undanþágur frá jöfnunarábyrgð. Í samræmi við það markmið er þessum leiðbeinandi reglum ætlað að tryggja að hagkvæmni náist í raforkudreifingu á grundvelli markaðstengdra aðferða.“

- c) Eftirfarandi kemur í stað 237. mgr.:

„237. Þessum leiðbeinandi reglum verður beitt frá 1. júlí 2014 og koma þær í stað leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð á sviði umhverfisverndar sem birtar voru 10. júní 2010⁽⁹⁾. Þær munu gilda til 31. desember 2021.“

- d) 4. viðauka er breytt sem hér segir:

- i) Eftirfarandi kemur í stað 2. mgr.:

„2. Að því er varðar beitingu undirkafla 3.7.2 geta EES-EFTA-ríkin notað:

⁽⁹⁾ Stjútíð. ESB L 144, 10.6. 2010, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 29, 10.6.2010, bls. 1.

- a) einfalt meðaltal talna um vinnsluvirði þau síðustu þrjú ár sem eru fyrirbyggjandi,
- b) einfalt meðaltal talna um vinnsluvirði í tvö ár af þeim síðustu þremur árum sem eru fyrirbyggjandi, að því tilskildu að þessi aðferð sé notuð á sama hátt fyrir alla aðstoðarþega.

Er það mat eftirlitsstofnunarinnar að ekki felist tilkynningarskyld breyting í því að breyta úr útreikniaðferð a) í útreikniaðferð b).“

- ii) Eftirfarandi kemur í stað 5. mgr.

„5. Við útreikning á raforkunotkun fyrirtækisins skal taka mið af venjubundnum viðmiðum að því er varðar skilvirkni raforkunotkunar í viðkomandi atvinnugrein, ef þau liggja fyrir. Ef svo er ekki geta EES-EFTA-ríkin notað:

- a) einfalt meðaltal talna þau síðustu þrjú ár sem eru fyrirbyggjandi.
- b) einfalt meðaltal talna í tvö ár af þeim síðustu þremur árum sem eru fyrirbyggjandi, að því tilskildu að þessi aðferð sé notuð á sama hátt fyrir alla aðstoðarþega.

Er það mat eftirlitsstofnunarinnar að ekki felist tilkynningarskyld breyting í því að breyta úr útreikniaðferð a) í útreikniaðferð b).“

- 4) Eftirfarandi kemur í stað leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum öðrum en fjármálafyrirtækjum.

„135. Eftirlitsstofnunin mun beita þessum reglum frá 10. september 2014 til 31. desember 2023.“

- 5) Leiðbeinandi reglum um greiningu á því hvort ríkisaðstoð, sem stuðlar að því að mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum sé hrint í framkvæmd, samrýmist framkvæmd EES-samningsins, er breytt sem hér segir:

- (a) Eftirfarandi setningu er bætt við 10. mgr. a.:

„Leiðbeiningarnar skulu hins vegar gilda um fyrirtæki sem ekki áttu í erfiðleikum 31. desember 2019 en urðu illa stödd fyrirtæki á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.“

- (b) Eftirfarandi kemur í stað 50. mgr.:

„50. Þessum leiðbeinandi reglum verður beitt frá 27. apríl 2016 til 31. desember 2021.“

- 6) Í leiðbeinandi reglum um skammtímaúflutningsláanstryggingar kemur eftirfarandi í stað 40. mgr.:

„40. Með vísan til þarfarinnar um samfellda framkvæmd og réttarvissu að því er varðar meðferð ríkisaðstoðar á sviði skammtímaúflutningsláanstrygginga er talið rétt að beita núverandi leiðbeinandi reglum til 31. desember 2021. Mun þetta samræma gildislokadag við gildislok flestra leiðbeinandi reglna á sviði ríkisaðstoðar sem hafa verið samþykktar í samræmi við áætlun um að færa ríkisaðstoðarreglur í nútímalegt horf.“

- 7) Eftirfarandi setningu er bætt við 10. mgr. í rammaákvæðum ríkisaðstoðar vegna rannsókna, þróunar og nýsköpunar:

„Leiðbeiningarnar skulu hins vegar gilda um fyrirtæki sem ekki áttu í erfiðleikum 31. desember 2019 en urðu illa stödd fyrirtæki á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.“

2. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bente Angell-Hansen

Forseti

Stjórnarmaður sem fer með málaflokkinn

Högni Kristjánsson

Stjórnarmaður

Frank J. Büchel

Stjórnarmaður

Carsten Zatschler

Meðáritar sem deildarstjóri

Lagaskrifstofu

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/68/05

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	16. júlí 2020
Málsnúmer	85350
Ákvörðun nr.	091/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill	Breytingar og framlenging á bótakerfi vegna menningarviðburða sem hefur verið frestað eða aflýst vegna COVID-19
Lagastoð	Reglugerð um tímabundið bótakerfi fyrir skipuleggjendur í menningargeiranum vegna viðburða sem hefur verið aflýst, vegna lokana, eða viðburða sem hefur verið frestað vegna COVID-19 faraldursins, ásamt breytingum
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Að bæta hlutgengt tap sem hlotist hefur af viðburðum sem hefur verið aflýst, aflýst að hluta eða frestað til þess að hindra útbreiðslu veirunnar sem veldur COVID-19
Aðstoðarform	Styrkir
Fjárveiting	Aukning sem nemur 950 milljónum NOK (heildarfjárhagsáætlun vegna kerfisins er 1,25 milljarðar)
Gildistími	30. september
Atvinnugreinar	Menning
Heiti og póstarítun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	Arts Council Norway Postboks 4808 Nydalen, 0422 Oslo, Norway

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2020/EES/68/06

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirfarandi ríkisaðstoðarráðstöfun:

Dagsetning ákvörðunar	16. júlí 2020
Málsnúmer	85354
Ákvörðun nr.	092/20/COL
EFTA-ríki	Noregur
Titill	Breytingar og framlenging á bótakerfi vegna íþróttaviðburða og sjálfbodastarfs sem hefur verið frestað eða aflýst vegna COVID-19
Lagastoð	Lagarammi kerfisins er settur fram í reglugerð um tímabundið bótakerfi fyrir íþróttaviðburði og sjálfbodastarf vegna COVID-19 faraldursins
Tegund aðstoðar	Aðstoðarkerfi
Markmið	Markmið aðstoðarkerfisins er að bæta hlutgengt tap vegna þess að íþróttaviðburði eða sjálfbodaliðastarfi hefur verið aflýst eða frestað til þess að hefta útbreiðslu COVID-19 veirunnar
Aðstoðarform	Styrkir
Fjárveiting	1,87 milljarðar NOK
Gildistími	15.9.2020
Atvinnugreinar	Íþróttir og sjálfbodaliðastarf
Heiti og póstaritun stjórnvaldsins sem veitir aðstoð	The Norwegian Gaming and Foundation Authority P.O.Box 800, 6805 Førde, Norway

Fullgildan texta ákvörðunarinnar, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á vef Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/state-aid/state-aid-register/decisions/>.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Afturköllun tilkynningar um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/68/07

(mál M.9748 – KKR/Dentix Health Corporation)

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004

Framkvæmdastjórninni barst 4. febrúar 2020 tilkynning ⁽¹⁾ um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ („samrunareglugerðarinnar“).

Hinn 14. febrúar 2020 skýrði tilkynnandi framkvæmdastjórninni frá því að tilkynningin væri afturkölluð.

⁽¹⁾ Stjótð. ESB C 48, 12.02.2020, bls. 22, og EES-viðbætur nr. 9, 13.2.2020, bls. 9.

⁽²⁾ Stjótð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9677 – DIC/BASF Colors & Effects)

2020/EES/68/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- DIC Corporation („DIC“, Japan)
- BASF Colors & Effects („BCE“, Þýskalandi); lýtur yfirráðum BASF SE

DIC nær eitt yfirráðum í heild, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir BCE.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og eignum.

Sami samruni hafði verið tilkynntur framkvæmdastjórninni 15. maí 2020 en tilkynningin síðan dregin til baka 23. júní 2020.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- DIC: framleiðsla og sala á prentsvertu, lífrænum leysilítum og gerviresíni. Að því er varðar fastlitarefni og önnur litarefni fer starfsemi DIC einkum fram í gegnum dótturfyrirtæki alfarið í eigu þess, Sun Chemical Corporation.
- BCE: framleiðsla og sala á fastlitum og öðrum litarefnum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 358, 26.10.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9677 – DIC/BASF Colors & Effects

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9835 – Bertelsmann/Schweizerische Post/Cinfony)

2020/EES/68/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. október 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Bertelsmann SE & Co. KGaA („Bertelsmann“, Þýskalandi)
- Schweizerische Post AG („Schweizerische Post“, Sviss)
- Cinfony AG („Cinfony“, Sviss)

Bertelsmann og Schweizerische Post ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Cinfony.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Bertelsmann: fjölmiðla- og þjónustufyrirtæki sem starfar um allan heim og fæst við sjónvarp, prentmiðla, tónlist, menntun og aðra þjónustu, og vöruferlisstjórnun, fjármál og fjárhagsleg gögn.
- Schweizerische Post: opinber pósthjónusta Sviss, sem einnig annast fjármálaþjónustu.
- Cinfony: sér fyrir sér að annast alþjóðlega lausn sem gerir mögulega skráningu, auðkenningu og skipti, auk endurnotkunar á gögnum sem kanna deili á viðskiptavinum og varða aðgerðir gegn peningaþvætti (KYC og AML), auk annarra grunnagna sem varða regluvörslu (t.d. gögn vegna MiFID II og FATCA).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 358, 26.10.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9835 – Bertelsmann/Schweizerische Post/Cinfony

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Brefsimi: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9882 – SAZKA Group/ÖBAG/Casinos Austria)

2020/EES/68/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. október 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- SAZKA Group a.s („SAZKA Group“, Tékklandi), sem er hluti af KKCG Group
- Österreichische Beteiligung Aktiengesellschaft („ÖBAG“, Austurríki), sem er í eigu austurríska ríkisins
- Casinos Austria Aktiengesellschaft („CASAG“, Austurríki); lýtur alfarið yfirráðum SAZKA Group

SAZKA Group og ÖBAG ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir CASAG.

Samruninn á sér stað með samningi eða eftir hvaða öðrum leiðum sem er.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- SAZKA Group: móðurfyrirtæki evrópskrar happdrættissamstæðu. Einkum er um að ræða eignarhaldsfélag en fyrirtækið veitir einnig fjárhappdrættisráðgjöf. Dótturfélög þess annast happdrættis-, fjárhappdrættis- og veðmáláþjónustu (auk annarrar þjónustu) í Tékklandi, Grikklandi, á Kýpur og Ítalíu.
- ÖBAG: sjálfstætt eignarhaldsfélag í ríkiseigu sem stýrir 11 fjárfestingu ríkisins og fæst einkum við i) stjórnun með virkri þátttöku, ii) kaup á hlutabréfaréttindum í fyrirliggjandi fjárfestingum og í þriðju fyrirtækjum, iii) ráðstafanir til þess að stuðla að þróun Austurríkis sem staðsetningar fyrir efnahagslega starfsemi, iv) stýringu ytri starfsemi og v) einkavæðingu.
- CASAG: starfar á sviði fjárhappdrættis í Austurríki með rekstri á i) spilavítum, ii) peningahappdrættum, iii) happdrættisvélum, iv) íþróttaveðmálum og v) fjárhappdrætti á netinu. Casinos Austria Aktiengesellschaft starfrækir einnig í gegnum dótturfyrirtæki spilavíti í Ástralíu, Belgíu, Danmörku, Egyptalandi, Liechtenstein, Þýskalandi, Ungverjalandi, Palestínu og Sviss, auk rekstrar á happdrættisvélum í Norður-Makedóníu. Fyrir viðskiptum er CASAG einungis undir yfirráðum SAZKA Group.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

